

Akureyrbær

Hr. Bæjarstjóri Eiríkur Björn Björgvinsson
Geislagötu
600 Akureyri

Akureyri 18. mars 2013

Efni: Fjárgirðing milli Akureyrbæjar og Hörgársveitar – vatnsból Norðurorku hf.

Norðurorka hf., er að leitast við að herða alla umgjörð um vatnsverndarsvæði félagsins í takt við þá gríðarmiklu hagsmuni sem eru í húfi fyrir íbúa svæðisins og horfir í því sambandi til girðingar milli ofangreindra sveitarfélaga sem einn lið í þeirri viðleitni.

Samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum Akureyrbæjar er flest fé sem smalað er af Glerárdal/Hlíðarfjalli komið norðan frá. Féð er sumarlangt á beit á þessum svæði og þar af leiðandi inn á grann- og fjarsvæðum vatnstökusvæðanna á Glerárdal og Hesjuvöllum, brunnsvæðin eru afgirt. Það er okkur ljóst að við getum ekki stýrt þessu fé, né girt svæðin af ein og sér, en við teljum að með girðingum sé hægt að draga mikið úr fjárgengd á svæðinu.


Norðurorka hf., er í þessu tilliti stór hagsmunaðili hvað varðar fjárgirðingu milli ofannefndra sveitarfélaga, þ.e. girðingu sem er upp frá Ásláksstöðum og til fjalls.

Okkur skilst að undanfarin ár hafi komið upp hugmyndir um að koma girðingunni í viðunandi horf, án þess þó að það hafi komist til framkvæmda.

Við áttum góðan og gagnlegan fund um daginn með sveitarstjóra Hörgársveitar og starfsmönnum framkvæmdadeildar Akureyrbæjar. Skoðaðir voru ýmsir kostir með fjárgirðingu milli sveitarfélagana.

Þess er hér með óskað að umrædd girðing verði sett upp hið fyrsta eða í seinasta lagi sumarið 2014.

Með kveðju og von um árangur



Helgi Johannesson
Forstjóri

AKUREYRARBÆR	
Mótt.:	27.03.2013
Málsnr.:	2013-230385
Lykill:	11-661